



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 8. desember 2006

Ákvörðun nr. 44/2006

Kaup Alcan Inc. á Carbone Savoie S.A.S

1.

Með bréfi, dags. 31. október sl., var tilkynnt að Alcan France S.A.S hefði keypt allt hlutafé í Carbone Savoie S.A.S. Bréfinu fylgdi samrunaskrá, þar sem framsetningin miðast við viðauka í reglum nr. 880/2005 um tilkynningu samruna.¹ Samrunaskránni fylgdu ódagsett drög að kaupsamningi auk ýmissa gagna. Á grundvelli upplýsinga sem fram koma í samrunaskránni er það mat Samkeppniseftirlitsins að kaup Alcan Inc. á öllum hlut Carbone Savoie feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

2.

Alcan France er eignarhaldsfélag í eigu Alcan Inc. og heldur utan um franskar einingar innan Alcan samstæðunnar. Alcan Inc. er fjölþjóðlegt fyrirtæki sem starfar í áliðnaði s.s. við baxít námugróft, vinnslu súrals, orkuframleiðslu, framleiðslu hreins áls og framleiðslu pökkunarvara. Á Íslandi starfar aðeins dótturfélag Alcan Inc., Alcan á Íslandi hf. Álverið í Straumsvík er rekið af Alcan á Íslandi og á fyrirtækið einnig 7% hlut í Endurvinnslunni hf.

Carbone Savoie (CS) starfar við framleiðslu og sölu á vörum sem notaðar eru við uppsetningu á rafgreiningarkerjum, þ.e. bakskautum og þjöppusalla, og notuð eru við álframleiðslu. Þessar vörur eru seldar beint til álframleiðanda þegar ný ker eru byggð eða þegar ker þarfnast endurnýjunar.

3.

Í samrunaskránni kemur fram að tilgangur Alcan með kaupunum sé að tryggja nægjanlegt aðgengi að bakskautum til notkunar í núverandi starfsemi og við væntanleg verkefni félagsins auk þess að fá aðgang að sérþekkingu CS á framleiðslu og þróun bakskauta.

Samrunaaðilar telja að starfsemi þeirra á Íslandi skarist ekki með neinum hætti og því sé ekki nauðsynlegt að fjalla um markaði þar sem áhrifa gæti, skylda markaði eða markaði þar sem áhrif gæti ekki. Samrunaaðilar telja að samruninn muni ekki hafa nein áhrif á neytendur eða milliliði.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opin eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruni sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Því er ekki ástæða til að hafast að vegna samruna Alcan France og Carbone Savoie á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

II.

Ákvörðunarorð:

“Með drögum að kaupsamningi, eignaðist Alcan France allt hlutafé í Carbone Savoie. Drögin fela í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.”

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson